

VINNUMARKAÐURINN Á ÍSLANDI

Yfirlit, horfur og þjónusta Vinnumálastofnunar –Febrúar 2023

Skráð atvinnuleysi í febrúar var 3,7%

Skráð atvinnuleysi í febrúar var 3,7% og var óbreytt frá janúar. Í febrúar 2022 var atvinnuleysið hins vegar 5,2%.

Að meðaltali voru 6.855 atvinnulausir í febrúar, 3.910 karlar og 2.945 konur. Að meðaltali fjölgaði atvinnulausum um 68 frá janúar.

Atvinnuleysi var mest á Suðurnesjum í febrúar eða 5,8% og minnkaði úr 6,0% í janúar. Hins vegar var atvinnuleysið þar 9,2% í febrúar 2022. Á flestum stöðum á landsbyggðinni minnkaði atvinnuleysið.

Næst mest var atvinnuleysið 3,8% á höfuðborgarsvæðinu þar sem það stóð í stað frá janúar. Hins vegar var atvinnuleysi þar 5,3% í febrúar 2022.

Alls komu inn 325 ný störf sem auglýst voru í vinnumiðlun hjá Vinnumálastofnun í febrúar. Flest auglýstra starfa voru vegna ráðningarstyrkja eða um 229 störf, önnur teljast almenn störf.

Í febrúar 2023 gaf Vinnumálastofnun út 277 atvinnuleyfi til erlendra ríkisborgara til að starfa hér á landi þar af 198 á höfuðborgarsvæðinu. Af útgefnum leyfum voru 144 til nýrra erlendra ríkisborgara á íslenskum vinnumarkaði og 133 leyfi voru framlengd.


Samkvæmt skráningu til Vinnumálastofnunar voru 36 erlend þjónustufyrirtæki starfandi í febrúar 2023 með samtals 257 starfsmenn.

Alls voru 3.334 erlendir atvinnuleitendur án atvinnu í lok febrúar og fækkaði um 39 frá janúar.

Í febrúar voru 355 einstaklingar á ráðningarstyrk innan fyrirtækja eða stofnana og 13 einstaklingar voru á nýsköpunarstyrk.

Vinnumálastofnun spáir því að draga muni úr atvinnuleysi í mars og gæti atvinnuleysi orðið á bilinu 3,4% til 3,6%.

Próun atvinnuleysis feb. 2021 til feb. 2023




Atvinnuástand eftir landshlutum

Atvinnuleysi var mest á Suðurnesjum í febrúar eða 5,8% og minnkaði úr 6,0% í janúar. Hins vegar var atvinnuleysið á Suðurnesjum 9,2% í febrúar 2022. Næst mest var atvinnuleysið 3,8% á höfuðborgarsvæðinu þar sem það stóð í stað frá janúar. Atvinnuleysi var 3,4% á landsbyggðinni í febrúar og minnkaði úr 3,5% í janúar. Á flestum stöðum á landsbyggðinni minnkaði atvinnuleysið frá janúar nema á Vestfjörðum þar sem það jókst lítilsháttar en var óbreytt á Vesturlandi og á Suðurlandi.

Minnst var atvinnuleysi á Norðurlandi vestra 1,3%, á Austurlandi 2,1%, 2,4% á Vesturlandi, og 2,5% á Vestfjörðum. Á Suðurlandi var atvinnuleysi 2,8% og 3,1% á Norðurlandi eystra.

Á meðfylgjandi mynd má sjá atvinnuleysi eftir landshlutum í janúar og febrúar.

Atvinnuleysi eftir landshlutum




Atvinnuleysi er lægra meðal kvenna en karla á þremur svæðum, á höfuðborgarsvæðinu þar sem atvinnuleysi karla var 4,0% og 3,7% meðal kvenna, á Vestfjörðum þar sem atvinnuleysi var 2,7% meðal karla og 2,2% meðal kvenna og á Norðurlandi vestra þar sem atvinnuleysi karla var 1,6% og atvinnuleysi kvenna 0,9%. Atvinnuleysi

var jafnt meðal karla og kvenna á Vesturlandi, Norðurlandi eystra og Austurlandi.

Á meðfylgjandi mynd má sjá atvinnuleysi eftir kyni og landshlutum í febrúar.

Atvinnuleysi eftir kyni og landshlutum



Greining atvinnuleysis

Greining þeirra sem voru atvinnulaus í lok mánaðar

Atvinnulausir voru 7.176 í lok febrúar, 3.999 karlar og 3.177 konur og fjölgaði atvinnulausum körlum um 10 frá janúarlokum en atvinnulausum konum fækkaði um 23.

Alls voru 689 atvinnuleitendur á aldrinum 18-24 ára án atvinnu í lok febrúar og fjölgaði um 12 frá janúar. Í febrúar 2022 var fjöldi atvinnulausra á þessum aldri hins vegar 1.057.

Lengd á skrá


Alls höfðu 1.724 verið án atvinnu í meira en 12 mánuði í lok febrúar 2023 eða um 24% allra á atvinnuleysissskrá. Í janúar 2023 voru þeir 1.794. Þessi fjöldi hefur farið minnkandi undanfarna mánuði en í febrúar 2022 var fjöldi þeirra 3.439 eða um 34% af öllum á atvinnuleysissskrá. Hlutfall atvinnulausra yfir 12 mánuði á atvinnuleysissskrá var á bilinu 32% til 34% fram að hausti 2022 en hefur síðan farið lækkandi. Atvinnulausir milli 6 og 12 mánaða á atvinnuleysissskrá voru 1.393 í febrúarlok en 1.331 í janúar s.l. Hins vegar voru þeir 1.589 í febrúar 2022.

Atvinnugreinar

Atvinnulausum í lok febrúar fækkaði lítilsháttar í flestum atvinnugreinum frá lokum janúar. Mest var hlutfallsleg fækkun í fiskveiðum og tengdum greinum um 6% eða 29 einstaklingar og í opinberri þjónustu um 5% eða um 48 einstaklingar. Meðal atvinnugreina var fjöldi atvinnulausra 1.089 í verslun og flutningum í lok febrúar og hafði fækkað úr 1.117 í janúar s.l. en fjöldi atvinnulausra var hins vegar 1.720 í febrúar 2022.

Atvinnulauir erlendir ríkisborgarar


Alls voru 3.334 erlendir atvinnuleitendur án atvinnu í lok febrúar og fækkaði um 39 frá janúar. Þessi fjöldi samsvarar um 6,9% atvinnuleysi meðal erlendra ríkisborgara. Hlutfall erlendra ríkisborgara á atvinnuleysissskrá var um 46% í febrúar.



Flestir atvinnuleitendur með erlendan ríkisborgararétt komu frá Póllandi eða 1.610 sem er um 48% allra

erlendra ríkisborgara á atvinnuleysissskrá. Því næst koma Litháar, Rúmenar, Lettar og Spánverjar en færri af öðrum þjóðernum.

Fjöldi atvinnulausra erlendra ríkisborgara skipt eftir þjóðerni í lok feb. 2023




Atvinnuleyfi, erlend þjónustufyrirtæki og starfsmannaleigur

Atvinnuleyfi


Í febrúar 2023 gaf Vinnumálastofnun út 277 atvinnuleyfi til erlendra ríkisborgara til að starfa hér á landi þar af 198 á höfuðborgarsvæðinu. Af útgefnum leyfum voru 144 til nýrra erlendra ríkisborgara á íslenskum vinnumarkaði og 133 leyfi voru framlengd.

Flestir sem fengu útgefið atvinnuleyfi í febrúar, hvort sem var nýtt eða framlengt, fengu leyfi vegna sérstakra ástæðna eða 101 leyfi. Þá voru gefin út 58 sérfræðileyfi og 44 námsmannaleyfi. Þegar atvinnuleyfi eru skoðuð eftir starfsgreinum í febrúar voru flest leyfi gefin út vegna starfa sérhæfðs iðnverkafólks eða 30%, 26% vegna starfa verkafólks og 23% vegna þjónustustarfa. Um 21% var í öðrum starfsgreinum.

Ný atvinnuleyfi eftir tegund í febrúar 2023



Útgefin U2 vottorð vegna atvinnuleitar í öðru EES ríki, febrúar 2023



Erlend þjónustufyrirtæki og starfsmannaleigur

Samkvæmt skráningu til Vinnumálastofnunar voru 36 erlend þjónustufyrirtæki starfandi í febrúar 2023 með samtals 257 starfsmenn.

Þá voru starfsmenn starfsmannaleiga, innlendra og erlendra samtals 481 í febrúar á vegum 20 starfsmannaleiga. Flestir starfsmenn starfsmannaleiga komu frá Póllandi eða 59%, 19% frá Litháen og 10% frá Lettlandi. Þeir sem eftir standa eða um 12% starfsmanna komu frá 10 öðrum ríkjum.

Atvinnuleit og vinnumiðlun

Flutningur atvinnuleysis-tryggingaréttinda milli Íslands og EES-ríkja


Atvinnuleitendur á Íslandi hafa þann möguleika að geta farið í atvinnuleit innan annars EES-ríkis í allt að þrjú mánuði og halda atvinnuleysisbótum sínum, fái þeir útgefið svokallað U2 vottorð sem Vinnumálastofnun hefur umsýslu með. Í febrúar 2023 voru gefin út 65 slík vottorð til einstaklinga sem fóru í atvinnuleit til Evrópu. Flestir fóru í atvinnuleit til Póllands eða 35 einstaklingar, 11 fóru til Spánnar og þrír fóru til bæði Svíþjóðar og Tékklands. Þá voru gefin út 13 vottorð til viðbótar til níu annarra ríkja.

Vinnumiðlun

Auglýst störf í vinnumiðlun í febrúar

Alls komu inn 325 ný störf sem auglýst voru í vinnumiðlun hjá Vinnumálastofnun í febrúar. Flest auglýstra starfa voru vegna ráðningarstyrkja eða um 229 störf, önnur teljast almenn störf. Um það bil 60% starfanna eru á höfuðborgarsvæðinu, 11% eru á Suðurlandi og eins 11% á Norðurlandi eystra. Þá eru 18% annarsstaðar á landinu.

Fjöldi auglýstra starfa eftir landshlutum í febrúar 2023



Þátttaka í vinnumarkaðsúrræðum

Atvinnuleitendum stendur til boða að taka þátt í þjálfun og frumkvöðlastarfi og fara af skrá í allt að sex mánuði á meðan á úrræðinu stendur. Í febrúar voru 355 einstaklingar á ráðningarstyrk innan fyrirtækja eða stofnana og 13 einstaklingar voru á nýsköpunarstyrk, flestir á höfuðborgarsvæðinu eða 255 einstaklingar.

Ítarlegri upplýsingar um atvinnuleysi og þróun þess má finna á vefsíðu okkar:

Mælaborðið sýnir atvinnuleysistölu út frá ýmsum þáttum 2 ár aftur í tímann, þar sem sjá má á myndrænan hátt samanburð eftir bakgrunni s.s. kyni, aldri og sveitarfélögum.

Excelskjöl með tölulegum upplýsingum yfir lengri tímabil, ítarlega niður brotið eftir bakgrunnspáttum.

Pdf skjöl fylgja mánaðarskýrslu og auðvelt er að prenta út. Þar er að finna samanburð við fyrri mánuð og sama mánuð fyrir ári síðan, brotið niður m.a. eftir kyni og aldri.

Hér er að finna upplýsingar um mælingu á skráðu atvinnuleysi og aðrar forsendur fyrir tölum Vinnuáalastofnunar um atvinnuleysi og fjölda atvinnulausra

